

## Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 1.tbl. 11. árg

### Ágúst og september 2021

Góðan dag kæru forráðamenn og gleðilegt nýtt skólaár



Við hefjum nú skólastarf á óræðum tímum. Covid19 vofir enn yfir en þrátt fyrir það höldum við áfram á vegi þekkingar og samvinnu. Í Glerárskóla hefur verið mikil frampróun á síðustu árum í námi og kennslu auk þess sem framkvæmdir við og á skólalóð hafa verið gífurlegar. Á komandi skólaári höldum við áfram að auka notkun tækni og hefur skólinn nú bætt við 40 nýjum tölvum fyrir nemendur auk 24 nýrra iPad tækja. Skólastofurnar í nýju álmunum eru vel útbúnar til kennslu með tæknilegu ívafi og á skólaárinu ætlum við að flétta tækni, áhugahvöt nemenda og læsi saman. Verkefnið Strákar, lesur saman er þróunarverkefni sem unnið er í samvinnu við MSHA (Miðstöð skólaþróunar við HA) og Naustaskóla. Verkefnið gengur út á að efla lestur **allra nemenda** í skólanum í gegnum áhugasvið og notkun tækni. Þetta verður án efa bæði skemmtilegt og krefjandi verkefni sem við vonum að komi til með að skila nemendum aukinni getu og áhuga á læsi. Glerárskóli heldur áfram að vera Grænánaskóli og leggur metnað í að flokka sorp, sinna heilsusamlegu mataræði og efla lýðheilsu nemenda og starfsmanna. Við höldum áfram að nýta Jákvæðan aga og hugmyndafræði Olweusar auk þess sem við stefnum ótrauð á að verða heilsuefandi og barnvænn skóli líkt og menntastefna Akureyrarbæjar gerir ráð fyrir. Innra starfs skólans er tekið út af Gæðaráði reglulega og höfum við nú tekið í notkun rafrænt kerfi sem nefnist BRAVOLesson en það hjálpar okkur til þess að halda saman innra mati skólans. Við höldum áfram að efla okkur í námi, námsmati og kennslu, setjum allt öryggi á oddinn og stefnum ótrauð fram á við í allri starfsemi skólans. Framkvæmdir við skólann hafa verið miklar í sumar. Nýr leikskóli opnar von bráðar, glæsilegur húsakostur og leikskólalóð. Körfuboltavöllur, Garðurinn hans Gústa, rís nú norðan Glerárskóla en það eru nokkrir vinir og fjölskylda Ágústar H. Guðmundssonar heitins sem standa að þeirri framkvæmd í samstarfi við Akureyrarbæ. Völlurinn verður allur hinn glæsilegasti og mikið ánægjuefni að fá slíka gjöf hér á skólalóðina. Á fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við skólann árið 2023. Þá verður farið í að endurgera þær tvær álmur sem eftir eru og að öllum vonum verður skólalóðin einnig kláruð enda orðin ansi lúin. Það er því margt framundan á næstu árum og mikið umleikis en við tökum eitt skref í einu og í sameiningu myndum við sterkt lærdómssamfélag, nemendur, starfsmenn og forráðamenn Glerárskóla. Eins og alltaf bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel og fylgjast með heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega. Gleðilegt nýtt skólaár.

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,  
Eyrúnu, Helgu og Tómasi

## Fráfall Írisar

Eins og flest ykkar vita nú þegar fengum við mikið áfall í sumar þegar matráðurinn okkar, hún Svala Íris Svavarsdóttir lést af slysförum. Íris, eins og hún var alltaf kölluð, hafði starfað við skólann frá árinu 2006, fyrst sem aðstoðarmatráður en strax árið 2007 var hún ráðin sem matráður skólans og starfaði sem slík allt til dánardægurs þann 21. júlí 2021.

Íris var mikill dugnaðarforkur sem vílaði ekki fyrir sér að takast á við þau verkefni sem lágu fyrir henni. Hún var góður matreiðslumaður og verða fiskréttirnir hennar lengi í minnum hafðir. Gott var að leita til Írisar og var hún snögg að leysa mál þegar á þurfti að halda. Henni var annt um nemendur og samstarfsfólk og vann ötullega að því að efla heilsusamlegt mataræði okkar allra. Írisar verður sárt saknað og við höfum fært fjölskyldu hennar samúðarkveðjur frá okkur öllum.



## Skólasetning

Skólasetning Glerárskóla verður mánudaginn 23. ágúst 2021 í íþróttasal skólans.

**Að þessu sinni er forráðamönnum ekki boðið að koma á setninguna vegna aðstæðna í samfélaginu.**

Skólasetningin verður sem hér segir:

- 2. - 4. bekkur kl. 9:00
- 5. - 7. bekkur kl. 10:00
- 8. - 10. bekkur kl. 11:00

Að setningu lokinni fara nemendur með umsjónarkennurum í stofur og fá upplýsingar um skólastarfið.

Nemendur og forráðamenn 1. bekkjar verða boðaðir til viðtals þann 23. ágúst 2021.

**Þriðjudaginn 24. ágúst 2021 hefst skólastarf samkvæmt stundaskrá hjá 1. - 10. bekk.**

## Umsjónarkennarar og stofur 2021-2022

- |                        |   |
|------------------------|---|
| 1. bekkur - B5+B7:     | Heimir Freysson og Ingibjörg Björnsdóttir               |
| 2. bekkur - B4:        | Þorbjörg Otta Jónasdóttir                               |
| 3. bekkur - B1 + B3:   | Helga Ingadóttir og Hólmfríður Guðnadóttir              |
| 4. bekkur - B6 + B8:   | Anna Sigríður Halldórsdóttir og Inga Huld Pálsdóttir    |
| 5. bekkur - D9:        | Íris Dröfn Hafberg                                      |
| 6. bekkur - D6 + D8:   | Guðrún Þóra Björnsdóttir og Jóhann Ingi Einarsson       |
| 7. bekkur - D5 + D7:   | Arna Heiðmar Guðmundsdóttir og Lovísa Rut Stefánsdóttir |
| 8. bekkur - A3 + A5:   | Anna Guðrún Jóhannesdóttir og G. Sigríður Víkingsdóttir |
| 9. bekkur - D2 + D4:   | Fríða Pétursdóttir og Ragnar Logi Búason                |
| 10. bekkur - D1. + D3: | Karen Jóhannesdóttir og Sveinn Leó Bogason              |



## Nokkrar hagnýtar upplýsingar

Skólahúsnæði Glerárskóla opnar klukkan 7:50 á morgnana. Vinsamlega virðið þann opnunartíma og sendið ekki nemendur of snemma af stað í skólann.

Skóladagur hefst klukkan 8:15 á morgnana. Skóla lýkur kl. 13:15 hjá 1. - 4. bekk og frá þeim tíma er frístund opin til kl. 16:15. ATH! Staðfesta þarf skráningu nemenda í frístund fyrir 20. hvers mánaðar. Við gerum ráð fyrir að nemendur borði staðgóðan morgunmat en nemendur fá nestistíma á morgnana og bendum við forráðamönnum á mikilvægi þess að börnin séu með hollt nesti eða í ávaxtaáskrift. Nemendum er ekki leyfilegt að yfirgefa skólalóðina á skólatíma.

Matartímar eru þrískiptir í skólanum frá kl. 11:10 og allt til kl. 12:35.

Allar upplýsingar um skráningar í mötuneyti, ávaxta - og mjólkuráskrift er hægt er að fá hjá ritara (sjá pósta frá ritara).


Áskriftin kostar eftirfarandi:

Annaráskrift kr. 489 (hver máltíð)

Stök máltíð kr. 657

Mjólkuráskrift kr. 3.471 sem greiðist tvisvar á ári í september og janúar

Ávaxtaáskrift kr. 7.937 (heill ávöxtur) sem greiðist tvisvar á ári í september og janúar



Allir forráðamenn eiga að hafa aðgang að Infomentor en ef einhver hefur glatað lykilorði sínu er hægt að hafa samband við ritara og fá nýtt. Infomentor opnar fyrir forráðamenn þann 23. ágúst 2021. Á heimasíðu Glerárskóla, undir flípanum Foreldrar, má finna notendahandbók Infomentor fyrir aðstandendur nemenda.

## Farartæki á hjólum

Veðrið hefur leikið við okkur í sumar og vonum við að haustið verði einnig gott svo nemendur geti nýtt sér farartæki á hjólum til að koma í skóla og heim úr skóla. Við viljum minna á þær reglur sem um slík farartæki gilda og finna má á heimasíðu skólans.



**Allir nemendur skulu nota hjálma** og eingöngu nýta farartækin til að koma í og fara heim frá skóla. Einnig skal brýna fyrir nemendum að **setja hjólin í hjólagrindur og alls ekki beint fyrir framan innganga að skólanum.**

Við bendum forráðamönnum á að ef nemendur eru á leiguhlaupahjólum, sem nú er hægt að leigja hér á Akureyri, eru þeir **alfarið á ábyrgð forráðamanna þar sem aldurstakmark á þeim hjólum er 18 ár.**

Sjá má á heimasíðu skólans myndband með reglum um notkun rafhlaupahjóna frá Samgöngustofu og reglum skólans um notkun farartækja á hjólum.

**Bendum sérstaklega á að nú eru miklar framkvæmdir í kringum Glerárskóla og því enn meira um vert að brýna fyrir börnunum að fara eftir reglum, fara varlega og sýna mikla aðgát.**

## Húnaferð 6. bekinga

Miðvikudaginn 25. ágúst 2021 fara 6. bekingar í árlega sjóferð með Húna II. Sjóferðin er í boði Hollvina Húna, Háskólans á Akureyri og Fræðsluviðs Akureyrarbæjar.

Ferðir með Húna II eru afskaplega skemmtilegar og fræðandi fyrir krakkana og því þakkarvert að fá að fara í slíkar ferðir.

Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur frá umsjónarkennurum.

## Leyfisbeiðnir og veikindaskráning

Skólinn hvetur forráðamenn til að óska sem minnst eftir leyfi fyrir nemendur frá skóla þar sem nám þeirra er mikilvægt og skólaskylda er í landinu.

Við bendum forráðamönnum á að ef sækja þarf um leyfi í 1-2 daga þarf að hafa samband við umsjónarkennara til að fá slík leyfi. Senda þarf póst á kennarann og afrit á ritara.

Ef um 3 daga eða lengri leyfi er að ræða þarf að sækja um þau rafrænt á formi sem finna má á heimasíðu skólans.

Athugið að slík leyfi þarf að sækja um með nokkrum fyrirvara svo hægt sé að gera ráðstafanir vegna náms nemenda.

Mínum einnig á að hægt er að skrá veikindi nemenda beint inn á InfoMentor. Ef það er gert þarf ekki að hringja í skólann og því getur það sparað bæði tíma og fyrirhöfn. Athugið að tilkynna/skrá þarf veikindi daglega.

## Íþróttir og sund

Af gefnu tilefni viljum við minna alla á að samkvæmt grunnskólalögum ber nemendum að stunda íþróttir og sund í grunnskólanum. Slíkt nám, líkt og í öðrum fögum, er skólaskyld og því ber nemendum að mæta í þá tíma líkt og aðra tíma.



## Framkvæmdir við Glerárskóla

Eins og áður hefur verið nefnt er verið að vinna að uppsetningu körfuboltavallar á skólalóð Glerárskóla. Völlurinn mun þó ekki verða tilbúinn fyrir en síðar í haust. Einnig er verið að endurgera bílastæði sunnan skólans og vonumst við til að þeirri vinnu ljúki í þessari viku. Áfram verða framkvæmdir við skólann vegna brunans sem átti sér stað fyrir á árinu auk þess sem mála á a.m.k. tvær álmur skólans og íþróttahúsið.

Vegna allra þessara framkvæmda viljum við óska eftir því að þið, kærur forráðamenn, ræðið við börnin ykkar um að fara mjög varlega á leið sinni í og úr skóla. En einnig að brýna fyrir þeim að vera ekki á þeim svæðum þar sem verið er að vinna og framkvæmdir í gangi. Við hlökkum mikið til þegar skólinn okkar og lóðin verða tilbúin en þangað til verðum við að vera þolinmóð og sýna aðgát. Takk fyrir samvinnuna.



„ Vænt er að stýra sjálfum sér,  
sómánn læra eins og ber,  
fróðleik nema og fremdir hér,  
og forðast það sem bannað er. ”

Tekið af síðu Braga

## Helstu atburðir í ágúst og september 2021

Ágúst 2021	
23. ágúst 2021	Skólasetning Glerárskóla (sjá framar)
24. ágúst 2021	Skóli hefst samkvæmt stundaskrá
25. ágúst 2021	6. bekkur - Húni II - sjóferð
31. ágúst 2021	Útivistardagur - allur skólinn (nánari upplýsingar frá umsjónarkennurum)
September 2021	
8. september 2021	Dagur læsis
13. - 17. september 2021	7. bekkur í skólabúðum á Reykjum í Hrutafirði
16. september 2021	Dagur íslenskrar náttúru

*„Það besta sem foreldri getur gefið barni sínu eru nokkrar mínútur af tíma sínum á hverjum degi”*

*M. Grundler*

## Sóttvarnir í grunnskólanum



Sóttvarnarreglur á Íslandi eru gefnar út af stjórnvöldum og 14. ágúst tók gildi ný reglugerð.

Gildandi reglur innihalda m.a. eftirfarandi:

- 1 metra regla eða grímuskylda að öðrum kosti hjá starfsfólki
- 2. Nemendur þurfa að spritta hendur við komu í skólann og þegar farið er í matsal (má gjarnan brýna þetta fyrir nemendum heima)**
3. Sótthreinsa þarf skólann reglulega
- 4. Ekki er gert ráð fyrir að forráðamenn né aðrir utanaðkomandi komi í skólann nema brýna nauðsyn beri til og þá með grímur og sprittun.**

Vinsamlega ræðið þetta við börnin ykkar.

## Covid-19

Nú á þessum tímum Covid-19 þurfum við öll að vera almannavarnir. Við viljum því ítreka eftirfarandi verklag:

1. Ef nemandi sýnir einkenni sem gætu tengst Covid19, vinsamlega haldið honum heima. **Látið skólann vita.**
2. Ef nemandi er á leið í sýnatöku, vinsamlega sendið systkini hans ekki í skólann fyrr en niðurstaða

er fengin. **Látið skólann vita.**

3. Látið ritara og umsjónarkennara vita ef um er að ræða veikindi sem tengjast Covid-19 og **um niðurstöður úr skimun.**

Við biðjum ykkur einnig að ítreka við börnin ykkar að þau verða að **spritta hendur við komu í skólann og þegar þau fara í matsal.**

*„Hlý orð óma stutta stund en enduróma um eilífð.“*  
Móðir Theresa

## Að lokum

Það er að mörgu að hyggja þessar fyrstu vikur skólaársins 2021-2022.

Samtakamáttur er það orð sem lýsir hvað best liðnu skólaári sem gekk afar vel hér í Glerárskóla þrátt fyrir þann vanda sem samfélagið okkar stóð frammi fyrir. Enn erum við á þeim stað að mega ekki sleppa takinu af sóttvörnum og aðgát og því skiptir verulega miklu máli að halda áfram að standa þétt við bakið hvert á öðru og hjálpast að við að halda skólanum okkar gangandi.

Við eigum flottan skóla sem á hverju ári stígur skref í framfaraátt. Verum stolt af Glerárskóla og tökum fagnandi á móti nýju ári með öllum þeim skemmtilegu verkefnum og áskorunum sem á vegi okkar verða.

**Glerárskóli, v/Höfðahlíð**

**603 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en  
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: [glerarskoli@akureyri.is](mailto:glerarskoli@akureyri.is)

Heimasíða skólans: [glerarskoli.is](http://glerarskoli.is)

Facebook síða: Glerárskóli

**HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI**

